

## Samningur menntamálaráðuneytis og Háskólans á Akureyri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Þorsteinn Gunnarsson rektor undirrituðu á ársfundi [Háskólans á Akureyri](#) 18. desember 2007 samning um kennslu og rannsóknir. [Samningurinn](#) er til þriggja ára, frá og með árinu 2008 til loka ársins 2010.

Framlög skólans voru hækkuð um 75 milljónir króna á fjárlögum ársins 2008 í tengslum við samninginn og munu hækka um 100 milljónir króna á ári 2009 og 2010. Alls verða því framlög til skólans hækkuð um 275 milljónir króna í tengslum við samninginn á tímabilinu.

Sameiginlegt markmið samningsaðila er að skapa forsendur fyrir því að Háskólinn á Akureyri (HA) öðlist viðurkenningu sem háskóli á heimsmeðlíkvarða á skilgreindum fræðasviðum.

Á samningstímanum mun HA endurskoða skipulag háskólans í heild með það að markmiði að styrkja faglegan grundvöll fræðastarfseminnar. Þannig verði skapaðar enn öflugri og sjálfstæðari meginveiningar innan háskólans þar sem í boði er framúrskarandi nám og stundaðar eru rannsóknir sem skapa eftirsóknarverða þekkingu á alþjóðavísu. Jafnframt mun HA halda áfram að byggja upp krefjandi

og styðjandi námsumhverfi fyrir nemendur og starfa í virkum tengslum við samfélagið, hvort sem er heima eða á heimsvísu.



Þorsteinn Gunnarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

### Menntamálaráðherra heimsækir Hólaskóla

Í tilefni af því að [Hólaskóli - Háskólinn á Hólum](#) heyrir nú undir stjórnslusviði [menntamála-ráðuneytis](#), fór menntamálaráðherra, [Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir](#), ásamt fylgdarliði, í opinbera heimsókn til Hóla í desember 2007. Þar kynnti ráðherra sér meðal annars starfsemi og aðstöðu skólans.



Skúli Skúlason rektor Hólaskóla nærli merki skólans í barm menntamálaráðherra

### Frumvarp til laga um grunnskóla

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamála-ráðherra](#) hefur nú lagt fyrir á [Alþingi](#) fjögur frumvörp til nýrrar menntastefnu, þar á meðal nýja heildarlöggjöf um grunnskóla. [Frumvarp til nýrra laga um grunnskóla](#) byggist á vinnu nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 13. mars 2006 til þess að gera tillögu að heildar-endurskoðun laga um grunnskóla nr. 66/1995 með síðari breytingum og er einn liður í samkomulagi menntamálaráðherra og [Kennarasambands Íslands](#) um [10 skref til sóknar](#) í skólamálu. Við endurskoðun grunnskólalaga hafði nefndin viðtækt samstarf við ýmsa hagsmunaaðila. Eftir að nefndin lauk störfum var meðal annars unnið að samræmingu frumvarpsins við önnur menntafrumvörp innan menntamálaráðuneytis.

Frumvarpið er grundvallað á því megin-sjónarmiði að börnum á skólaskylduáldri séu búnar kjöraðstæður til náms og þroska. Grunnskólar komi til móts við ólíkar þarfir barna og ábyrgð allra, er að grunnskólastarfi komi, sé skýr. Sköpuð séu skilyrði til að mæta kröfum um þekkingu og færni nemenda svo að

menntun þeirra standist alþjóðlegan samanburð. Í frumvarpinu er lögð áhersla á velferð barna og virkari þátttöku þeirra og foreldra í skólastarfi. Horft er til reynslunnar af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 og leitast er við að styrkja enn frekar forræði og ábyrgð sveitarfélaga á rekstri skóla, jafnframt því sem sjálfstæði grunnskóla er undirstrikað.

Helstu áhersluatriði frumvarpsins eru þessi:

- sköpuð verði skilyrði fyrir því að menntun íslenskra barna geti orðið til fyrirmyndar á alþjóðavísu
- leitast við að tryggja velferð allra grunnskólabarna og jöfn tækifæri til náms
- stuðlað að því að nemendur og foreldrar þeirra eigi fjölbreytta valkostum um val á grunnskólum og tilhögun náms
- nám verði lagað að ólíkum þörfum nemenda og að þeir taki virkan þátt í skólastarfi
- aukið svigrúm og samfella á milli skólastiga og innan grunnskólastigsins
- grunnskólabörn fái viðeigandi stuðning í námi og sérfræðipjónusta sé samhæfð með þarfir barnsins að leiðarljósi
- ábyrgð, réttindi og skyldur barna og foreldra skýrd
- sköpuð skilyrði fyrir aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi og sterkari tengslum þeirra við stjórn skóla og skólasamfélagið almennt
- aukið forræði sveitarfélaga á skólarekstri og meira sjálfstæði skóla
- skýrari verkefnaskipting ríkis, sveitarfélaga og stjórnenda grunnskóla
- sú meginregla staðfest að menntun barna í grunnskólum sé gjaldfrjáls
- mat og eftirlit með skólastarfi efit og stuðlað að framförum og umbótum í starfi grunnskóla.

Vakin er athygli á vefnum [nymenntastefna.is](#) þar sem meðal annars er hægt að nálgast frumvörpin, skoða svör við ýmsum álitamálum, fylgjast með umræðum um málið á [Alþingi](#) og senda inn fyrirspurnir til menntamálaráðherra um frumvörpin og þær breytingar sem þau fela í sér.

### Menntamálaráðherra á Austurlandi

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamála-ráðherra](#) og Össur Skarphéðinsson [iðnaðar-](#)

[ráðherra](#) undirrituðu þann 9. janúar 2008 [samning](#) um samstarf ríkis og allra níu sveitarfélaganna á Austurlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Þetta er í þriðja sinn sem gengið er til slíks samnings en fyrsti menningarsamningurinn var undirritaður árið 2001. Samningurinn hefur í för með sér rúmlega 25% hækkun á framlagi ríkisins miðað við síðasta samning og hækkar það úr 38 milljónum í 48 milljónir króna. [Menningarráð Austurlands](#) fer með daglega framkvæmd samningsins.

Þriðjudaginn 8. janúar var haldinn á Reyðarfirði kynningarfundur um [niðurstöður starfshóps um eflingu framhaldsskólamenntunar í Fjarða-byggð](#). Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í [menntamálaráðuneyti](#), kynnti skýrsluna og menntamálaráðherra og Svafa Grönfeldt, rektor [Háskólans í Reykjavík](#), tóku þátt í umræðum um hana. Fundurinn var fjölmennur og urðu góðar umræður um efni skýrslunnar. Einnig heimsótti menntamálaráðherra [Grunnskóla Reyðarfjarðar](#) og ræddi við nemendur og starfsfólk.



Menntamálaráðherra ræðir við nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar

### Bætt aðgengi á vef menntamálaráðuneytis

Á vef [menntamálaráðuneytis](#) er nú kominn tengill í [vefþulu](#) sem á einfaldan hátt les upphátt allan texta á síðunni án þess að notendur þurfi þar til gerðan hugbúnað. [Vefþulan](#) er vefþjónusta ætluð þeim sem einhverja hluta vegna eiga erfitt með að lesa texta af skjá.

